

# Þurfum við nýja upplýsingaöld?

Tryggvi Gunnarsson  
umboðsmaður Alþingis

0000000

„Rétturinn til að vita...“

28. september 2011

# Um hvað ætla ég að tala...

- Samfélag í kreppu – ekki bara fjármálin – sundurlyndi – ólga – skortur á trausti á stjórnvöldum – úrræðaleysi – deilt um forsendur og upplýsingar – umræðuhefðin – hvernig samfélag viljum við?
- Átti skortur á upplýsingum þátt í því hvernig fór?
- Hvernig getum við nýtt sameiginlegar stofnanir okkar – stjórnsýsluna - til umbóta í þessum efnum?
- Að komast upp úr öldudalnum – þáttur upplýsinga og upplýstrar umræðu - á hvaða grundvelli?
- Upplýsingalögin – upplýsingaréttur almennings

# Hvaða upplýsingar eru þetta?

- Hjá allri stjórnslu ríkis og sveitarfélaga – Hvað er stjórnslu? – líka einkaaðila, ef stjórnvaldsákvarðanir
- Upplýsingar í gögnum í stjórnslunni um okkur sjálf
- Aðgangur aðila máls í stjórnslumáli að gögnum
- Aðgangur almennings, þ.m.t. fjölmiðla og frjálsra félagasamtaka, að gögnum hjá stjórnvöldum
- Bara fyrirliggjandi gögn en ekki samantekt upplýsinga
- Ef ekkert gagn/skjal? Rafrænar skrár, gagnagrunnar (bóhalðið?)

# Upplýsingar um okkur sjálf

- Aðgangsréttur tryggður (tiltekið mál) – nema:
  - gögn undanþegin upplýsingarétti, sbr. 4. gr. uppl.
  - gögn um mikilvæga almannahagsmuni, 6. gr. uppl.
  - ef upplýsingar um einkamálefni annarra-hagsmunir
- Helstu vandamálin:
  - „Þetta eru sérfræðigögn – þú skilur þetta ekki”
  - Gagn ekki skrifað með aðgang í huga
  - Aðgangur eftirlifandi – (UA 1359/1995)
  - Ekkert skráð – t.d. nafnlausar tilkynningar – (UA 4934/2007)
- Hvar eru upplýsingar/gögn skráð um mig?
- Leiðréttingarmöguleikinn - athugasemdir

# Upplýsingaréttur almennings

- Upplýsingalög nr. 50/1996 - íslenska tregðan – frumvarp lagt fram 7 sinnum – fyrst 1973 eftir þingsályktun 1972.
- Af hverju upplýsingaréttur almennings – fjölmiðla/ frjálsra félagasamtaka í umboði hans?
- Starfsemi stjórnarsýslunnar er í þágu okkar allra og þar er verið að fara með sameiginleg mál og fjármuni okkar
- Stuðla að jafnvægi í þjóðfélagssumræðunni – almenningur hafi sömu upplýsingar og stjórnvöld
- Aðhald – Aðgangur að öllum gögnum nema lög takmarki –
- Ekki til að hnýsast í einkamál fólks – Hvað eru einkamál ?

# Einka- og fjárhagsmálefni

- 5. gr. uppl.: Óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Sömu takmarkanir gilda um aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila.
- Undantekning – mat- gögn um aðkomu stjórnarsýslunnar að einka- eða fjárhagsmálefnum einstaklinga og lögaðila án þess að verið sé að ráðstafa opinberum hagsmunum

# Ráðstöfun á opinberu fé og hagsmunum – bara dæmi

- Launakjör opinberra starfsmanna – Hverjir sækja?
- Styrkir – auglýsingar – ráðstöfun
- Kostnaður við einstök verkefni
- Í hvað fara endurreisnarpeningarnir (skattfé)? – Niðurfærsla eigna við stofnun nýrra banka með aðkomu ríkisins -afskriftir og niðurfellingar - „talnamengun”
- Hvers vegna varð ákvörðunin þessi?
- Hver er stóra myndin og hvers vegna?
- Opinber verkefni (fé) fært í hlutafélag – til hvers?

# Upplýsingalögin – Nýtt frumvarp

- Almennt víðtækur aðgangsréttur að gögnum
- „Tæknilegar aðgangshindranir” – „tilgreina gögn máls” – nýtt frv. „tilgreina efni máls”
- Vinnuskjalahugtakið – Pólitísku skjölin
- Gildissvið – félög í opinberri eigu
- Má veita meiri upplýsingar - „Mer offentlighed” – Viðhorf hér - réttarþróun erlendis – nýtt frv. - rökstuðningsregla
- Ekki ákvæði um rafrænar skrár og gagnagrunna
- Fátækleg ákvæði um þagnarskyldu í stjórnarsýslunni
- Framkvæmd upplýsingalaga? – Eru almenningur og fjölmiðlar að nota lögin? – Málshraði - Úrskurðarnefnd



# Upplýsingaréttur almennings

- Eru stjórnvöld -og líka Alþingi- að hugsa og framkvæma þennan rétt of þröngt miðað við samfélag okkar nú og þróun þess?
- „Rétturinn” snýr að fortíðinni – Gögnunum sem eru fyrirliggjandi – Rykföllnu skjölunum- Frumkvæði grúskarans og þolinmæðin við að bíða
- Kalla þær leikreglur sem Alþingi hefur sett um samfélag okkar á meira frumkvæði við öflun og miðlun upplýsinga frá stjórnvöldum til almennings?
- EES – Innleiðing á Evrópureglum
- Upplýsingaskylda stjórnvalda – þá til hvers?

# Stjórnsýslan og upplýsingar

- Stjórnsýslan (stofnanir) er sameiginlegt tæki sem við höfum komið upp í þágu okkar allra – til að halda uppi gangverki og reglum samfélagsins – gera okkur almenningi kleift lifa og athafna okkur innan þess
- Aðstöðumunur almennings (fjölmiðla) og stjórnsýslunnar til gagnaöflunar og úrvinnslu
- Breyttar leikreglur hafa aukið áherslu á eftirlitsþáttinn
- Eftirlit felur m.a. í sér söfnun upplýsinga til að upplýsa og leggja mat á þróun mála á viðkomandi sviði – Skipta þessar upplýsingar máli fyrir almenning?

# Upplýsingar til almennings?

- Efnahagsmál – rekstur ríkis og sveitarfélaga – feluleikir
- Umhverfismál – áherslan á upplýsingar til almennings
- Samkeppnismál og verðlag
- Menntamál – Hvað vitum við árangur og þróun?
- Fjármálastarfsemi - „Bankaleyndin” – Almennar upplýsingar um þróun- Áhætta (einstaklingsbundin) gagnvart opinberu fé/hagmunum – Form viðskipta
- Ríkið fer inn í fyrirtæki með opinbert fé – „á samkeppnismarkaði” – allt lok, lok og læs

# Upplýsingapörf almennings?

- Þurfum upplýsingar til að taka ákvarðanir um hvernig við högum okkar daglega lífi innan þess regluverks sem við búum við.
- Á hvaða grundvelli getum við tekið afstöðu til þess hvort við erum sáttt við það sem stjórnvöld „okkar allra” hafa gert og ætla að gera?
- Lýðræðiskeðjan – aðhald – endurnýjun umboðs

# Hvað viljum við gera?

- Er þörf á umbótum? – Breyta umræðuhefðinni? – Á hverju byggist umræðan og ákvarðanataka– staðreyndum eða blögginu?
- Viljum við halda áfram með einskiptisumræðuna – úthaldsleysið – engin niðurstaða – skortur á rökræðu
- Var rætt um hlutina fyrir „bankahrunið” og þá hvað?
- Almennt ekki hlutverk hins opinbera að stjórna umræðunni heldur að auðvelda hana – veita upplýsingar
- Stjórnsýslan opni gáttir en stjórnir ekki hvaða fer í loftið
- Kalla aðstæður nú á að við notum sameiginlegar stofnanir okkar til að stuðla að umbótum í umræðunni?
- Er það leið til að endurheimta traust í samfélaginu – og á sameiginlegar stofnanir okkar – auka gæði ákvarðana?

# Hvar er hægt að gera?

- Auka markvisst aðgengi að upplýsingum hjá hinu opinbera
- Þurfum að breyta viðhorfi ráðamanna innan stjórnarsýslunnar til þess að veita almenningi upplýsingar.
- Mikið til af upplýsingum hjá stjórnarsýslunni – þarf að gera þær aðgengilegar – Upplýsingar um stjórnarsýsluframkvæmd
- Mál séu unnin m.t.t. upplýsingagjafar – regla ekki undant.
- Afmarka hvaða nýjum upplýsingum stjórnarsýslan þarf að safna og veita aðgang að – t.d. um rekstur hins opinbera, afrakstur í menntakerfinu, þróun í viðskiptum fjármálafyrirtækja og formi þeirra – ársreikningar
- Hvernig er samfélagið að þróast?

# Dugar þetta?

- Styrkja upplýsingalæsi – grundvöll rökræðunnar
- Opinberir starfsmenn geti miðlað þekkingu á sínu sviði og skýrt upplýsingar á hlutlægan hátt.
- Virkni háskólasamfélagsins (kostað af ríkisfé) í upplýstri umræðu – að útskýra hlutina - hagsmunir
- Er menntakerfið á réttri leið? –Má ekki ræða það?
- Auðvelda fjölmiðlum að auka eftirfylgni mála – Hvað var gert?
- Frumvarp til nýrra upplýsingalaga – Hverju breytir það? Var tilurð þess til marks um nýja tíma?
- Þurfum nýja upplýsingastefnu stjórnvalda – nota tæknina

# Að lokum....

- Hvers vegna þessar áhyggjur hjá mér sem eftirlitsmanni með stjórnarsýslunni?
- Leiða slök gæði í samfélagsumræðunni og takmarkaðar upplýsingar til minna aðhalds og gæða við löggjöf og starf stjórnarsýslunnar?
- Reynslan frá aðdraganda „bankahrunsins“ – Hvar var aðhald samfélagsins? – Hvernig var lagaumgjörðin? – Hvað gerðu vaktmenn okkar?
- Þörf á nýrri upplýsingaöld? – Á kannski enn við að menn noti „í auknum mæli vísindaleg vinnubrögð byggð á skynsemi og raunhyggju frekar en trú á yfirnáttúruleg öfl eða aðrar bábiljur“